

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1766  
komudagur 21.3.2011



Reykjavík 21. mars 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa, 408. mál. Umsögn Rannsóknarnefndar umferðarslysa**

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur tekið til umræðu á fundi frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa. Rannsóknarnefndin skilaði umsögnum um frumvarpsdrögin þegar unnið var að gerð þeirra í samgönguráðuneytinu. Að auki ritaði nefndin umsögn til samgöngunefndar Alþingis árið 2010 þegar frumvarpið var til umfjöllunar. Ljóst er á nýjustu útgáfu frumvarpsdraganna að tekið hefur verið tekið tillit til flestra athugasemda RNU.

Nefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en leggur þó til að skerpt verði á bráðabirgðaákvæði um starfsmenn nefndanna, aðra en forstöðumenn. Í ákvæði til bráðbirgða segir nú: „Öðrum starfsmönnum nefndanna skal boðið starf hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa“. Telur RNU betra að tiltaka að starfsmönnum nefndanna verði boðið starf hjá hinni nýju stofnun með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Viðlíka bráðbirgðaákvæði er t.d. að finna í lögum um Veðurstofu Íslands (Lög nr. 70 11. júní 2008.).

Virðingarfyllst  
f.h RNU

*Ágúst Mogensen*

Ágúst Mogensen  
Forstöðumaður.